

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/454
komudagur 7.12.2005



Alþingi, nefndasvið
Elín Valdís Þorsteinsdóttir,
nefndarritari
150 REYKJAVÍK

BARNAVERNDARSTOFA

Reykjavík, 07. desember 2005

Tilvísun : 2005110034

Vísað er til bréfs dags. 21. nóvember 2005 þar sem óskað var umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar, 279. mál, sameiginleg forsjá barns o.fl. Beðist er velvirðingar á því að ekki var unnt að veita umsögn fyrir tilskilinn tíma þann 28. nóvember.

Barnaverndarstofu er kunnugt um niðurstöður forsjárnefndar, áherslu sem lögð hefur verið á sameiginlega forsjá barna eftir skilnað eða sambúðarslit foreldra og að svo virðist sem að foreldrar velji þennan kost í ríkum mæli. Barnaverndarstofa telur æskilegt að frumvarpinu hefðu fylgt upplýsingar um fjölda þeirra foreldra sem velja þennan kost við skilnað eða sambúðarslit og í hversu miklum mæli fólk virðist gera ráðstafanir síðar meir til að breyta sameiginlegri forsjá. Talsvert er um að reynt sé að leita ráðgjafar hjá Barnaverndarstofu vegna ágreinings um forsjá og/eða umgengni við börn í þessum aðstæðum, þrátt fyrir að hér sé ekki um lögbundið hlutverk stofunnar að ræða. Barnaverndarstofa verður að telja að nokkuð beri á ágreiningi milli foreldra sem fara sameiginlega með forsjá sem þeim gengur illa að leysa en að foreldrar veigri sér verulega við að höfða forsjármál til breytinga á áður ákvarðaðri forsjá, m.a. vegna kostnaðar við málaferli.

Barnaverndarstofa telur mjög mikilvægt að efla frekar ráðgjöf til foreldra við skilnað eða sambúðarslit hvernig svo sem fyrirkomulagi forsjár verður háttað. Þá telur stofan mikilvægt að lögin gefi frekari leiðbeiningar um hvað felist í sameiginlegri forsjá, eða um réttindi og skyldur hvors foreldris og barns. Barnaverndarstofa myndi ennfremur fagna umræðum um og nánari úttekt á fyrirkomulagi ákvarðanatöku í málum samkvæmt ákvæðum barnalaga. Hér mætti skoða við hvaða aðstæður opinberir aðilar geta skorið úr ágreiningi foreldra og hvers konar málsmeðferð hentar best.

Barnaverndarstofa telur að það fyrirkomulag að sameiginleg forsjá verði gerð að meginreglu við skilnað og sambúðarslit geti haft vissa kosti ef lögin skýra frekar hvað felist í sameiginlegri forsjá og tryggi ráðgjöf til foreldra. Barnaverndarstofa fagnar því að gert sé að skilyrði að foreldrar semji um að lögheimili barns verði hjá öðru foreldri þar sem barnið hafi að jafnaði fasta búsetu. Barnaverndarstofa telur hafið yfir allan vafa að mál af þessu tagi eigi að snúast einvörðungu um hagsmuni barns og telur að meginstefnu til mæti það best þörfum barns að eiga eitt heimili.



BARNAVERNDARSTOFA

Athugasemdir við einstaka greinar:

1. gr. - Samkvæmt núgildandi lögum er skýrt að sýslumaður verður að taka afstöðu til sammings foreldra um forsjá. Barnaverndarstofa telur brýnt að viðhafa einnig þetta fyrirkomulag um samninga um lögheimili enda verði að vera ljóst hvenær þessir samningar eru gildir og hvenær ekki. Þannig sé rétt að bæta við a. lið 1. mgr. eftirfarandi: "Samningur um lögheimili barns öðlast gildi við staðfestingu sýslumanns. Sýslumaður skal leiðbeina aðilum um réttaráhrif sammings. Hann getur synjað um staðfestingu sammings ef hann er andstæður hag og þörfum barns og ber að gera það ef hann er andstæður lögum.

2. gr. Barnaverndarstofa getur fallist á að meðferð kæru eða málskots fresti ekki framkvæmd úrskurðar um umgengni og að óþarfi sé að biða niðurstöðu málskotsaðila áður en unnt sé að beita dagsektum. Barnaverndarstofa verður þó að telja réttara að ekki sé unnt að beita dagsektum fyrr en að liðnum kæru- eða áfrýjunarfresti enda er hér ekki um sama hlut að ræða.

Barnaverndarstofa hefur ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið. Umsögn var jafnframt send í tölvupósti.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðriksdóttir